

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu „Orlofsbyggð norðan Kjarnalundar“.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. júní 2012 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir „Orlofsbyggð norðan Kjarnalundar“.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur húss nr. 4 við Götu mánans stækkar um 4 metra til norðurs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 25. júní 2012,

Arnar Birgir Ólafsson,
verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2012